



Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið  
Síðumúla 24  
108 Reykjavík

Reykjavík 1. febrúar 2024

### Efni: Tímabundinn stuðningur til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavík.

Þann 27. nóvember 2023 voru samþykkt á Alþingi lög um tímabundinn stuðning til greiðslu launa vegna náttúruhamfara í Grindavíkurbæ. Vinnumálastofnun var falið að annast framkvæmd laganna.

Opnað var á umsóknir fyrir launþega og sjálfstætt starfandi þann 1. desember 2023 vegna tímabilsins 11.- 30. nóvember 2023. Afgreiðslur þessara umsókna hófust þann 8. desember 2023. Í dag hefur janframt verið opnað fyrir umsóknir fyrir mánuðina desember 2023 og janúar 2024

Þann 18. desember 2023 opnaði fyrir umsóknir atvinnurekanda fyrir tímabilið 11.-30. nóvember 2023. Afgreiðslur á umsóknum til atvinnurekanda hófust þann 21. desember 2023. Janframt hefur verið opnað fyrir umsóknir desember 2023. Í dag hafa 60 atvinnurekendur sótt um vegna 668 starfsmanna.

Hér er yfirlit yfir þá sem hafa fengið greitt:

	Fjöldi umsókna greiddar	Fjöldi kt. á bakvið	Fjöldi kt. fyrirtækja á bakvið
Sjálfstætt starfandi	20	12	
Launþegar	183	119	36
Atvinnurekendur	970	668	60
<b>Samtals</b>	<b>1173</b>	<b>799</b>	<b>96</b>

Opnað verður fyrir umsóknir atvinnurekanda vegna tímabilsins 1. – 31. janúar 2024 þann 15. febrúar 2024. Sérstök athygli er vakin á að ekki er hægt að opna fyrir umsóknir atvinnurekanda fyrr en 15. næsta mánaðar í ljósi þess að útreikningur þeirra miðast við staðgreiðsluskyld laun sem birtist í staðgreiðsluskra skattsins 15. næsta mánaðar.

Stefnt er að því opna fyrir tímabilið 1.-29. febrúar 2024 hjá launþegum og sjálfstætt starfandi þann 26. febrúar nk.

Heildar útgreiðslur nema kr. 493.492.313. Sjá nánari sundurliðun hér:

	Heildargreiðslur
Atvinnurekendur	410.809.515 kr
Launþegar og sjálfsætt st.	82.682.798 kr
	<b>493.492.313 kr</b>

F.h. Vinnumálastofnunar

Bjarki Þór Runólfsson